



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. febrúar 2013

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (kynferðisbrot gegn börnum í fjölskyldu- og öðrum trúnaðarsamböndum). 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 616 – 478. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Markmið frumvarpsins er að gera ákvæði 200. – 202. gr. almennra hegningarlaga skýrari og í samræmi við réttarframkvæmd á þessu sviði.

MRSÍ styður breytingartillögurnar og telur að markmið þeirra að gera ákvæðin skýrari og skapa samræmi sé mjög þarft. Það er ljóst að kynferðisbrot gegn börnum eru mjög alvarleg brot sem geta haft varanleg áhrif á barnið allt þess líf og því mikilvægt að lög, reglur og framkvæmd stuðli að því að sem best samræmi og skilvirkni sé í þessum málum.

MRSÍ vill hins vegar benda á ákveðið misræmi sem skapast við breytingu á 1. mgr. 200. gr., en þar segir nú;

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja skal sæta fangelsi allt að [8 árum]¹⁾ og allt að [12 ára]¹⁾ fangelsi sé barnið yngra en 16 ára

En mun hljóma svo eftir breytingarnar sbr. 2. gr. ofangreinds frumvarps;

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja skal sæta fangelsi allt að [8 árum]¹⁾ og allt að [12 ára]¹⁾ fangelsi sé barnið 15,16 eða 17 ára.

MRSÍ telur að skoða verði þetta ákvæði betur því ef það verður líkt og lagt er til væri hægt að túlka það sem svo að það sé vægara brot að brjóta gegn barni yngra en 15 ára heldur en barni 15, 16 eða 17 ára. Þrátt fyrir ætlunin sé að lesa ákvæðið saman með 202. gr. og þannig sé búið að færa brot gegn börnum yngri en 15 ára frá 1. mgr. 200 í 5. mgr. 202. gr., þá telur skrifstofan þetta geta valdið misskilningi í framkvæmd. Vert væri að skoða hvort ekki færi betur á því að skrifa ákvæðin upp á nýtt til einföldunar.

Mætti t.d. líta til laganna um þessi mál í Svíþjóð, þar er skv. athugasemdum með frumvarpi þessu, eitt ákvæði sem leggur bann við samræði eða öðrum sambærilegum kynferðismökum við barn undir 15



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

ára aldri og síðan er í 2. mgr. lögð refsing við sömu háttsemi gagnvart barni 15, 16 eða 17 ára sé barnið afkomandi geranda eða hafi verið falið honum í fóstur eða til uppeldis. Mætti eflaust hafa þetta svipað hér, þ.e.a.s. eitt ákvæði sem leggi refsingu við því að eiga samræði eða önnur kynferðismök við barn. Síðan séu ákveðnar refsihækkunarástæður lagðar til, s.s. ef tengslin eru slík og lýst er í 1.mgr. 200. gr. og 201. gr. núverandi hgl. og einnig sé ungur aldur barnsins til refsipýngingar. Síðan mætti hafa sér ákvæði sem legði refsingu við því að eiga samræði eða kynferðismök við niðja sinn eða systkini.

Ísland hefur tekið á sig alþjóðlegar skuldbindingar um vernd barna gegn hvers konar ofbeldi með aðild sinni að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og með samningi Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegru misneytingu og kynferðislegru misnotkun og ber að gera allar ráðstafanir til þess að geta uppfyllt þær. MRSÍ telur þessar breytingar, verði ákvæði 1. mgr. 200. gr. yfurfarið betur, vera lið í því að koma til móts við þessar skuldbindingar.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdarstjóri